Nýr sjávarútvegs ráðherra:

Fundur um hvalveiði-mál í dag

ÞORSTEINN Pálsson nýskipaður sjávarútvegsráðherra mun í dag eiga fund um hvalveiðar með sérfræðingum ráðuneytisins og stofnana þess. Ársfundur Alþjóðahvalveiðiráðsins verður haldinn í Reykjavík í lok þessa mánaðar og fyrir fundinum liggur tillaga frá Íslendingum um að þeim verði heimilað að veiða langreyði og hrefnu í atvinnuskyni.

Þegar Þorsteinn var spurður hvort stefna í hvalveiðimálum yrði óbreytt eftir stjórnarskiptin, sagðist hann ekki hafa hugsað sér að gefa út stórar yfirlýsingar fyrr en að lokinni skoðun á því. „En almennt get ég sagt að ég er áhugamaður um að við nýtum lífríki sjávarins og stýrum veiðunum á grundvelli þeirrar vísindalegu þekkingar sem við ráðum yfir. Á þeim grundvallarsjónarmiðum hefur verið byggt, og verður byggt af minni hálfu," sagði Þorsteinn.


Hann sagðist raunar hafa byrjað daginn á því að borða súran hval í matstofu Alþingis. „Mér þótti það við hæfi með tilliti til þess sem koma skyldi," sagði Þorsteinn Pálsson.



Morgunblaðið/Einar Falur

Yoko Ono sáir fræi á Miklatún

FJÖLLISTAKONAN Yoko Ono sáði í gærmorgun fræi á Miklatún við Kjarvalsstaði. Tengdist það listaverki sem hún kallar Málverk fyrir vindinn. Um leið merkti hún og byrjaði að mála tvö málverk sem standa þar á túninu, og máluðu þá með henni ungir nemendur úr Álftamýrarskóla og nemendur á fyrsta ári í Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Á meðan á sýningu Yoko Ono stendur á Kjarvalsstöðum verða litir við málverkin og er sýningargestum, og öðrum sem leggja leið sína um Miklatún, boðið að taka þátt í sköpun verkanna.



Reykvíkingur í Reykjavíkurhöfn í gær.

Reykjavík:

Fyrsta skólaskipið varðveitt í Viðey

FYRSTA skólaskip Reykvíkinga, Reykvíkingur RE 76, var sett á flot í Reykjavíkurhöfn í gær. Bátinn á að varðveita í Viðey og verður hann dreginn þangað á næstunni.

Það var fyrirtækið Þórsberg á Tálknafirði sem bauð Árbæjarsafni og Reykjavíkurborg bátinn að gjöf og var það þegið. Báturinn var smíðaður á Ísafirði úr eik og furu árið 1958 og var hann ætlaður sem nótabátur þó svo hann hafi aldrei verið notaður sem slíkur.

Íþrótta- og tómstundaráð keypti bátinn á sínum tíma og lét byggja á hann stýrishús og ganga þannig frá honum að hann nýttist sem skólaskip. Hann var skráður í Reykjavík, sem Reykvíkingur RE 76, árið 1974. Þessi níu rúmlesta bátur var síðan gerður út á skak frá Reykjavík um nokkurn tíma áður en hann var seldur vestur á Tálknafjörð, þaðan sem hann hefur verið gerður út til þessa dags.

Árbæjarsafn hefur einnig lagt til að dráttarbáturinn Magni verði varðveittur en hann var fyrsta stálskipið sem smíðað var hér á landi, árið 1954 í Stálsmiðjunni.

Skreiðarsmlagið verður lagt niður

Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda yfirtekur reksturinn

ÁKVEÐIÐ hefur verið að Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda yfirtaki starfsemi Samlags skreiðarframleiðenda nú í sumar. Það er gert að beiðni Skreiðarsamlagsins, en stjórn þess hefur áður óskað þess að SÍF yfirtæki reksturinn.

„Mér er þessi niðurstaða sérstakt ánægjuefni," segir Ólafur Björnsson, formaður stjórnar Skreiðarsamlagsins. „Ég flutti fyrst um það tillögu innan stjórnar samlagsins fyrir 15 árum að leitað yrði sameiningar við SÍF. Þetta eru sömu framleiðendur að stórum hluta og SÍF hefur nú stofnað skrifstofu á Ítalíu, sem ætti að koma sér vel. Í Skreiðarsamlaginu höfum við að mestu hreinsað upp gömlu vandamálin og því er þetta mögulegt nú.

Dagbjartur Einarsson, formaður stjórnar SÍF, segir að útflutningur saltfisks og skreiðar eigi að geta farið mjög vel saman. Hjá SÍF starfi matsmenn, sem kunni vel til verka við mat á skreið og á Ítalíu muni sölukerfi SÍF geta nýtzt vel við sölu skreiðarinnar enda þar oft um sömu kaupendur að ræða. „Það er mikilvægt fyrir útflytjendur sjávarafurða að standa saman. Hefðu framleiðendur skreiðar borið gæfu til þess, hefði mátt komast hjá miklum skakkaföllum."

Sjá nánar í Úr verinu bls. B1

Sovéskt fyrirtæki kannar atvinnumöguleika hér á landi

SOVÉSKT fyrirtæki hefur sent fyrirtækinu Kynningu og markaði hf. erindi, þar sem vakin er athygli á því, að það hafi á skrá um 20 þúsund manns úr ýmsum starfsgreinum, sem séu að leita sér atvinnu á Vesturlöndum. Í þeim hópi séu meðal annars sérfræðingar á borð við lækna, kennara, vísinda- og tæknimenn.

Í bréfi því, sem sovéska fyrirtækið sendi Kynningu og markaði, er fjallað um þær breytingar, sem nú eiga sér stað í Sovétríkjunum og er þar sagt að í ljósi ástandsins þar megi búast við miklum útflutningi vinnuafls.

Greint er frá því að fyrirtækið hafi áhuga á að skapa viðskiptatengsl við fyrirtæki á Vesturlöndum. Það ráði til dæmis yfir upplýsingabanka, með skrá yfir um tuttugu þúsund sovéskra borgara, sem hafi áhuga á að fá vinnu erlendis. Þar sé meðal annars að finna upplýsingar um aldur, menntun og fyrri störf þessa fólks. Auk samstarfs á sviði atvinnumiðlunar kveðst fyrirtækið tilbúið til samstarfs um samskipti á sviði vísinda og menntunar, ferðaþjónustu og annarra viðskipta.

61 hafa greinst með HIV-smit

61 einstaklingur hefur greinst með smit af völdum HIV-veirunnar fram að 31. mars 1991, þar af eru tíu látnir, samkvæmt upplýsingum frá landlæknisembættinu. Sex einstaklingar eru haldnir alnæmi. Það sem af er þessu ári hafa greinst tveir einstaklingar með HIV-smit en enginn með alnæmi.

Á Íslandi hafa greinst samtals 16 einstaklingar með alnæmi, lokastig sjúkdómsins, og eru 10 þeirra látnir. Svonefnt nýgengi sjúkdómsins er samkvæmt þessu 6,3 á hverja 100 þúsund íbúa.

Flestir HIV-smitaðir einstaklingar eru á aldrinum 20-29 ára, eða alls 29. Þar af hafa þrír fengið alnæmi á lokastigi og tveir þeirra látist. 52 karlmenn hafa fengið HIV-smit og níu konur.

Ríkisstjórnaskiptin:

Nær 5 milljónir króna sparast

LAUNAGREIÐSLUR ríkissjóðs til fráfarandi ráðherra, aðstoðarmanna ráðherra og ráðgjafa verða endanlega um 4,8 milljónum kr. lægri en þær hefðu orðið ef ný ríkisstjórn hefði tekið við völdum í dag en ekki í gær. Biðlaunatími ráðherra styttist um einn mánuð vegna þess að ríkisstjórnaskiptin fóru fram á síðasta degi apríl en ekki fyrsta degi nýs mánaðar og sömuleiðis verða aðstoðarmenn og ráðgjafar af einum mánaðarlaunum. Þessar upplýsingar fengust í gær hjá launadeild fjármálaráðuneytisins.

Laun ráðherra eru 281.582 kr. og laun forsætisráðherra 309.741 kr. Sjö ráðherrar létu af embætti í gær auk forsætisráðherra og hefur það í för með sér tæplega 2,3 milljóna kr. sparnað fyrir ríkissjóð.

Aðstoðarmenn og ráðgjafar fráfarandi ráðherra eru tólf og eru mánaðarlaun þeirra rúmar 209 þúsund kr. Sparnaður ríkissjóðs er því rúmar 2,5 milljónir kr. Alls nemur sparnaður ríkissjóðs af því að ný ríkisstjórn tók við völdum í gær um